

3. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn laugardaginn 29. febrúar í Félagsmiðstöðinni Zero/Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl: 13:00.

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður. Einnig sátu fundinn: Hjörny Karlsdóttir, Óskar Snorri Óskarsson, varaformaður og Una Bóel Jónsdóttir (var í gegnum Facetime) sem skráði fundargerð. Þá sat Maja Vilstrup, forstöðumaður Zero einnig á fundinum. Guðrún Hulda og hennar varamaður komust ekki á fundinn.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Kynning á heilsuviku

Lögðum lokadrög að kynningu heilsuvikunnar. Kynning fyrir sveitastjórn er fimmtudaginn 5. mars 2020. Þar verður kynnt nánar um hugmyndina, markmið hennar, dagskrá, dagsetningar, kostnaður og verkaskiptingu.

Stutt frásögn:

- Stendur í eina viku.
- Að minnsta kosti ein hreyfing á dag.
- Markmið að stuðla að betri heilsu fyrir íbúa Hrunamannahrepps á öllum aldri, bæði líkamlegt og andleg.
- Fjölskyldutengd
- Stuðla að góðri samverastund meðal íbúa.
- Stærsti viðburðurinn er á laugardeginum.

2. Önnur mál.

Nói Mar kynnti málþing sem verður næsta haust, það snýst um að fá fólk til að segja af hverju þau vilja búa á svæðinu í framtíðinni. Hugmynd hjá þeim var að það væri möguleiki að halda þetta málþing í uppsveitunum í samstarfi við ungmennaráðin þar.

Fundi slitið kl 14:30

